

Nd.

**184. Frumvarp**

til laga um breyting á 26. gr. 1. lið i lögum nr. 46, 16. nóvbr. 1907,  
um laun sóknarpresta.

Eins og það var samþykkt við 2. umræðu í Nd.

1. liður 26. gr. i lögum nr. 46, 16. nóvbr. 1907, um laun sóknarpresta  
orðist þannig:

Lög þessi öðlast gildi 6. júní 1908, þannig, að hver sem fær veitingu  
fyrir prestakalli frá þeim tíma eða síðar, fær laun eftir lögum þessum.

Verði engar breytingar á sóknaskipun í prestakalli samkv. prestakalla-  
skipunarlögunum, þá má presturinn kjósa um að fá launaupphæðina eftir eldri  
reglunum, eða eftir lögum þessum. Sama rétt hafa prestar í þeim prestaköllum,  
þar sem kostur er á að koma þegar á breytingum, sem fyrir er mælt í lögunum,  
gangi presturinn að þeim breytingum. Enn fremur hafa allir prestar þennan  
rétt, sem orðnir eru 60 ára að aldri.